

þeirra hafa verið eitt hið efnaðasta í hreppnum.

Strax á unga aldri kom í ljós, að Markús var frábærilega ötull og skarpur við vinnu. Hann fór snemma að fást við smíðar og reyndist óvenju verkséður. Þegar hann náði fullorðinsaldri stundaði hann trésmíðar og vann að mestu við byggingar í sveitum. Þó var hann ætíð heima á sumrin og vann þá við túnaslátt frá kl. 6 að morgni til kl. 10 að kveldi og þótti flestum nóg. En ef hann vissi af mönnum, sem stóðu í byggingum, hljóp hann þangað á kvöldin og um helgar og vann langt fram á nætur við leiðbeiningar og smíðar. Var og af mörgum talinn þriggja manna maki við vinnu.

Þannig liðu árin. Þegar Markús var ungur, mun heitasta ósk hans hafa verið að læra til læknis. Af því gat þó ekki orðið og tuttugu og sex ára gamall hvarf hann að járnsmíðanámi á Eyrarbakka. Lauk hann prófsmíð sinni haustið 1911. Eins og allt annað reyndist námið honum auðsótt og lauk hann á fáeinum mánuðum námi, sem alla jafna tók menn þrjú ár. Mun hann þar hafa notið þeirrar einstöku verklagni sem honum var meðfædd, svo og reynslunnar, sem vinnan hafði kennt honum. Hélt hann síðan til Reykjavíkur, settist í Vélstjórnarskólann, sem þá var í byrjun og lauk þaðan prófi eftir eins árs nám, vorið 1913.

Eftir að Vélstjórnarskólanum lauk hélt Markús til sjós og stundaði aðallega vinnu á botnvörpungum, fyrst sem kyndari og síðan vélstjóri. Á sjó sem og í landi var hann sívinnandi. Telja sumir, að aðeins með því móti hafi hann getað unnið gegn óbærilegri sjóveiki, sem kvaldi hann þau tíu ár, sem hann stundaði sjó. Hefði hann ekki annað fyrir stafni, þvoði hann plögg félaga sinna um leið og hann skolaði úr sínum eigin og taldi það ekki eftir sér. Voru margir honum þakklátir fyrir eins og kom á daginn síðar.

Styrjalðararin fyrri var Markús 1. vélstjóri á togaranum Braga. Var siglt með fisk til Bretlands og komust menn þá oft í hann krappan. Eitt sinn var skipið stöðvað af þýzkum kaþbáti og var ætlunin að sökkva því með manni og mús. Af einhverjum ástæðum hættu Þjóðverjar þó við fyrirætlun sína og tóku ákvörðun um að nota togarann til flutninga á skipbrotsmönnum af skipum, er þeir höfðu sökkt. Sigldi togarinn á Biskayaflóa til Santander og Bilbao á Spáni. Ekkert fréttist af skipverjum í 17 daga og var togarinn talinn af. Hinn 22. desember 1916 sigldi Bragi inn á Reykjavíkurhöfn eftir tveggja mánaða útivist. Frásögn af svaðilför þessari má lesa í bók Sveins Sæmundssonar, „Í særótinu“, sem kom út árið 1967.

Upphaf Vélsmiðjunnar Héðins

Þeir hittumst í Hamri, Bjarni Þorsteinson og Markús. Var það upphaf ævilangrar vináttu og samstarfs. Þeir félagar stofnsettu Vélsmiðjuna Héðin hinn 1. nóvember árið 1922. Efnin voru lítil, en þeir keyptu smíðju Bjarnhéðins Jónssonar, járnsmíðs, sem hann hafði starfrækt í Aðalstræti 6b. Kaupverð smíðjunnar var 60 þúsund krónur. Starfsemin hafði legið niðri í tvö ár eftir lát Bjarnhéðins. Í Aðalstræti hafði verið járnsmíðja allt frá árinu 1895, er Sigurður Jónsson frá Álftanesi hafði hafið þar járnsmíðjurekstur. Bjarnhéðinn var nemandi hans og hafði keypt smíðjuna um aldamótin. Í virðingarskyni við minningu Bjarnhéðins var smíðju þeirra Bjarna og Markúsar gefið nafnið Héðinn.

Smíðja Bjarnhéðins var mjög fábrotin. Hún var í 60 fermetra húsnæði og vélakostur smár, tveir rennibekkir knúðir olíuhreyflum, handsnúin borvél og fótstigin smergel-skífa. Þar var einnig eldstó. Þeir félagar hófust þegar handa um að byggja eld-smíðju og árið 1926 var bætt við renniverkstæði og lagerhúsnæði. Starfsmenn í smíðju Bjarna og Markúsar voru í upphafi fjórir talsins. Tveimur mánuðum síðar voru þeir orðnir sjö.

Þeir unnu saman að vexti og viðgangi fyrirtækisins, Bjarni og Markús og ákjósanlegra starfsbræðralag var vart hægt að

hugsa sér. Bjarni tók að sér stjórn fyrirtækisins út á við en Markús vann hins vegar ýmist í smíðjunni, eða hann fór með vinnuflokkana út á land til að framkvæma þau verkefni sem þeir félagar höfðu tekið að sér. Valtýr Stefánsson, ritstjóri, lýsir verkmaninum Markúsi Ívarssyni á eftirfarandi hátt í bókinni „Með Valtý Stefánssyni“. Lýsingin er höfð eftir einum samstarfsmanna hans.

Menn smituðust af áhuganum

„Þegar hann gekk að verki, var áhuginn svo mikill, að hann breiddist út til allra, er með honum voru, miðlungsmenn urðu afkastamenn og liðléttingar miðlungsmenn og vel það. En það var ekki einasta, að hann hefði áhrif með ákafa sínum og léttleik. Hagsýni við hvert verk var frábær. Það

var eins og hann kynni það allt utanbókar. Svo glöggskyggn var hann á framkvæmd allra verka. Okkur fannst eftir okkar skilningi eða útsjón, að honum myndi missýnast, það myndi ekki lánast, sem hann ætlaði sér. En það kom aldrei fyrir, að honum skeikaði. Samstarfsmennirnir lærðu það, nema þeir, sem að eðlisfari voru úrtölusamir. Markús var ekki gefinn fyrir að kvarta undan einu né neinu. En það var

Frh. á bls. 21.



Portret Jóns Stefánssonar listmálara af Markúsi Ívarssyni. Myndin er í eigu Vélsmiðjunnar Héðins.

Hjálpssemi við fjárvana listamenn varð til þess að Markús hóf að safna málverkum. En eftir því sem hann fékkst meira við söfnunina, jókst áhugi hans á listum og listrænni fegurð í hvaða mynd sem er. Ef gestkomandi maður á heimili þeirra Kristínar og Markúsar dáðist mjög að einhverri mynd, átti Markús til að taka myndina niður og gefa aðdáandanum hana.